

FIT




Orlofshús

22



www.fit.is



Útgefni af hefðsælastarri eftir Landstofnun Íslands. Eftirgreið þónumd
Copyright © Landstofnun Íslands. All rights reserved.
Kortverði Ófærur til sögu.

Á kortinu má sjá staðsetningu orlofshúsa Félags í önn- og tæknigreina

Síðan mín á orlofshúsavefnum

The screenshot shows the homepage of the FIT Orlofshúsavefur website. At the top, there's a navigation bar with links for 'Þingvall', 'Síður', and 'Innskrining'. Below the header is a large map of Iceland with a yellow border around the coastlines. To the left of the map is a smaller world map. To the right is an icon of a building with two planes in front of it. Below the map, there's a section titled 'Vinsælar eignir' with five thumbnail images of properties: 'Florida - Orlando', 'Reykjavík - Hótel 4', 'Fljótsdalur - Hallskot', 'Svignaskarð - Hús nr. 21', and 'Ísafjörður - Selfossvegur 2'. Each thumbnail has a 'Náður með' button below it. At the bottom of the page, there's a small note: 'Út Álfur tilburðar. Kálfur á hnappiðinni. NS AP media ent.'

www.fit.is

Þegar félagsmenn skrá sig inn á orlofshúsavef FIT þá bætist einn hnappur við sem heitir „Síðan míni.“ Þar undir eru fjórir flokkar: Mínar umsóknir, kort & miðar, mínar upplýsingar og umsagnir um leigueignir. Undir mínar umsóknir er hægt að skoða allar umsóknir sem viðkomandi félagsmaður hefur sótt um og stöðuna á þeim. Með því að ýta á stækkuaglerið þá er hægt að sjá sundurliðun á hvaða eign var bókuð, leigutímabilið, verð, punktakostnað, stöðuna á umsókn og hægt að prenta kvittun með þessum hnappi eða prenta út leigusamning með þessum hnappi. Undir kort og miðar er hægt að sjá þau kort eða þá miða sem viðkomandi félagsmaður hefur keypt. Undir mínar upplýsingar eru skráðar upplýsingar eins og netfang félagsmanns, símanúmer hans og heimilisfang. Þar er einnig hægt að breyta upplýsingum. Í umsagnir um leigueignir er hægt að gefa viðkomandi orlofshúsi einkunn og gefa umsagnir með því að ýta á þennan hnapp.

Efnisyfirlit

• Skorradalur - Borgarfjarðarsýslu	4-5
• Húsafell - Borgarfjarðarsýslu	6-8
• Svignaskarð - Mýrarsýslu	9
• Vogur á Mýrum - Mýrarsýslu	10
• Stykkishólmur - Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.....	11
• Akureyri.....	12-14
• Illugastaðir í Fnjóskadal - Suður-Þingeyjarsýslu	15
• Klifabotn í Lónssveit - Austur-Skaftafelssýslu	16
• Hallskot í Fljótshlíð - Rangárvallasýslu	17
• Stóra Hof - Gnúpverjahreppi	18
• Úthlið - Biskupstungum, Árnessýslu	19-20
• Brekkuskógar - Biskupstungum, Árnessýslu	21-22
• Þrástarkógar - Grímsneshreppi, Árnessýslu	23
• Öndverðarnes - Grímsneshreppi, Árnessýslu.....	24-25
• Ölfusborgir - Árnessýslu	26
• Vestmannaeyjar	27
• Reykjavík.....	28
• Orlofshús á Florida	29
• Ferðavagnaleiga	30
• Miðasala	31
• Orlofshúsareglur	32-34
• Eitt og annað.....	35

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 540-0100 eða netfanginu fit@fit.is

Skorradalur

Borgarfjarðarsýslu

Öryggisnúmer:

2106952



Vatnsendahlíð, hús nr. 40

Húsið stendur við norðvestanvert Skorradalsvatn, í kjarrivöxnu landi niður við vatnið. Húsinu fylgir árabátur og veiðileyfi í vatninu. Farið aldrei út á vatnið án þess að vera í björgunarvestum. Rafmagnskynt gufubað er í litlu húsi við hlíð bústaðarins.



Vatnsendahlíð



Skorradalur



Skorradalur



Vatnsendahlíð

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Akranesi og í Borgarnesi

Skorradalur Borgarfjarðarsýslu

Öryggisnúmer:

Efra hús: 2106571

Neðra hús: 2106859



Fitjahlíð, hús nr. 17 og 17a

Tvö hús eru við Skorradalsvatn í Borgarfjarðarsýslu. Þau standa við norðanvert vatnið í kjarrivaxinni hlíð. Tvö önnur hús eru á milli húsanna, annað er geymsla en í hinu er viðarkynt gufubað, sem er til sameiginlegra nota fyrir húsin. Leigjendur þurfa sjálfir að koma með eldvið. Húsin eru 48 fm að stærð og skiptast í stofu, eldhús, 3 svefnherbergi og baðherbergi. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6



manns og miðast búnaður hússins við það. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsum. Árabatur sem er niður í fjöru er sameiginlegur með húsum og einnig fylgir veiðileyfi í Skorradalsvatni. Farið aldrei út á vatnið án þess að vera í björgunarvestum. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

ATH: Langar tröppur eru upp að eftir húsinu, því er aðengi erfitt, sérstaklega að vetri til.

Í nágrenninu:

- Sjóstangaveiði á Akranesi
- Glymur, hæsti foss Íslands
- Snorralaug í Reykholti
- Snjósleðaferðir á Langjökul
- Byggðasafn í Görðum, Akranesi
- Golfvellir á Akranesi,
við Borgarnes og í Húsafelli
- Búvélasafnið og Ullarselið á Hvannayri
- Safnahús Borgarfjarðar í Borgarnesi
- Hreppslaug, Skorradalshreppi




Skorradalur



Fitjahlíð

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Akranesi og í Borgarnesi




Kiðárbotnar 1

Húsið er 57,8 fm með 3 svefnherbergjum. Í húsinu er uppþvottavél, hljómtæki, sjónvarp og gasgrill, þá er sólpallur með heitum potti. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef hann er ekki í notkun. Búnaður miðast við 6 manns.

Á staðnum er sundlaug, verslun, veitingahús og golfvöllur. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

ATH. gæladýr eru leyfð í þessu húsi.

Bent er að lausaganga hunda er ekki leyfð á svæðinu. Fólk með ofnæmi fyrir dýrum er ráðlagt að fara ekki í þennan bústað.



Í nágrenninu:

- Snorralaug í Reykholti
- Snjósleðaferðir á Langjökul
- Byggðasafnið í Görðum, Akranesi
- Golfvöllur í Húsafelli
- Búvelasafnið og Ullarselið á Hvanneyri
- Surtshellir og hellirinn Vífelgelmir
- Höggmyndir Páls í Húsafelli
- Hraunfossar
- Hreðavatn og Grábrók



Kiðárbotnar

Húsafell Borgarfjarðarsýslu



Öryggisnúmer:

- Birkilundi 2: 2108346
- Birkilundi 3: 2108347



Birkilundur 2 og 3

Tvö hús eru við Birkilund í Húsafelli byggð 1987. Þau eru með sameiginlega innkeyrslu og bílastæði. Húsin eru 51 fm með tveimur svefnherbergjum þar sem 4 til 5 geta sofið og svefnlofti með 3 dýnum. Á gangi er snyrtung með sturtu en stofa og eldhús eru í einu rými. Búnaður miðast við 8 manns. Í hvoru húsi eru einnig hljómtæki, sjónvarp og gasgrill. Stór pallur með heitum potti er við hvort hús. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef hann er ekki í notkun. Leiktæki eru á lóðinni. Á staðnum er sundlaug, verslun, veitingahús og golfvöllur. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.




Barnafossar



Birkilundur


Upplýsingar er að fá í upplýsingamiðstöð ferðamála í Hyrnunni, Borgarnesi



Hvítábrekkur 6

Rúmgott, glæsilegt orlofshús, byggt árið 2003. Húsið er 66 fm að grunnfleti auk ca. 25 fm svefnlofts. Húsið skiptist í 3 svefnherbergi, rúmgóða stofu með eldhúskróki og baðherbergi. Svefnpláss er í herbergjunum fyrir 7 manns og fylgja sængur og koddar. 3 dýnur eru á svefnlofti. Húsini fylgir barnarúm, sjónvarp, myndspilarí, gasgrill, örbylgjuofn, uppvöttavél o.fl. sem nauðsynlegt þykir í orlofshúsum af bestu gerð. Búnaður miðast við 10 manns.

Á rúmgóðri veröndinni er heitur pottur. Leiktæki eru á lóð. Umhverfið er allt kjarri vaxið. Gæti þess að byrgja **ávallt** pottinn ef vatn er í honum og hann ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Hvítábrekkur



Hvítábrekkur

Svignaskarð Mýrarsýslu

Öryggisnúmer:


HÚS 21: 2110855

HÚS 27: 2110861



Hús nr. 21 OG 27

Í Svignaskarði eru tveir glæsilegir bústaðir í yfir 40 húsa orlofsbyggð. Þjónustumiðstöð er á staðnum, sparkvöllur og leikteki. Húsin eru yfir 60 fm, þau skiptast í þrjú svefnherbergi, stóra stofu, eldhúskrók og baðherbergi. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns í húsi 21 og 7 manns í húsi 27 og miðast búnaður við það.




Sjónvarp, myndspilari og gasgrill eru í húsum. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef vatn er í honum og hann ekki í notkun. **Allar upplýsingar veittar í þjónustumiðstöðinni í Svignaskarði í síma 893-1767. Miðstöðin er opin alla virka daga frá kl. 08:00 til 16:00 og í síma um helgar.**



Í nágrenninu:

- Kaktusabúið Laufskálum
- Safnahús Borgarfjarðar
- Bjössaróló, Borgarnesi
- Langjökulsferðir, upplýsingar í Húsafelli
- Snorralaug í Reykholti
- Búvélasafnið og Ullarselið á Hvítá
- Höggmyndir Páls í Húsafelli
- Útsýnisskífa, vatnstankinum Borgarnesi
- Barnafossar í Hvítá
- Kvíahellan í Húsafelli

Upplýsingar er að fá í þjónustumiðstöð og upplýsingamiðstöð ferðamála í Hyrnunni, Borgarnesi



Vogur

Vogur er fyrrum höfðingjasetur sem stendur við sjávarsíðuna um 30 km. frá Borgarnesi. Húsið er 143 fm að stærð og mikið endurnýjað. Rúmstæði eru fyrir 8 manns og eitt barnarúm. Í húsinu er sjónvarp myndspilari gasgrill og útvarp með geislaspilara. Búnaður miðast við 8 manns.

Árabátur er á sumrin niður í fjöru. Farið varlega því straumar geta verið sterkir og gætið vel að flóði og fjöru. Rafmagnshitapottur er á palli með vatni í.

ATH. Ef skipt er um vatn tekur um sólarhring að hita hann upp að nýju. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef hann er ekki í notkun. Umsjónarmaður er í Laxárholti, næsta bæ, sjá leigusamning.

Í nágrennu:

- Sjóstangaveiði á Akranesi
- Golfvellir við Borgarnes
- Snorralaug í Reykholti
- Snjósleðaferðir á Langjökli
- Kvíahellan í Húsafelli
- Barnafossar í Hvítá
- Búvelasafnið á Hvanneyri
- Kaktusabúið Laufskálum
- Snæfellsjökull



Vogur

Stykkishólmur

Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

Öryggisnúmer:

2115813



Borgarbraut 38

Í raðhúsalengju við Borgarbraut 38 í Stykkishólmi á félagið íbúð. Húsið stendur við golfvöll staðarins og fylgir golfkort húsini. Í Stykkishólmi er margbætt þjónusta við ferðamenn. Íbúðin er 77 fm að stærð og skiptist í hol, baðherbergi, 2 svefnherbergi og



stofu með samliggjandi eldhúsi. Svefnpláss og sängur eru fyrir 6 manns og miðast búnaður við það. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í íbúðinni. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Stykkishólmur



Stykkishólmur

Upplýsingamiðstöð ferðamála er í Stykkishólmi

Í nágrenninu:

- Bárðarferðir með Eyjaferðum
- Flatey
- Búðir og Arnarstapi
- Dritvík (aflraunasteinar)
- Vélsleðaferðir á Snæfellsjökul
- Sjómannagarðurinn, Hellissandi
- Lóndrangar austan við Malarrif
- Rauðfeldargjá í Botnsfjalli.
- Ölkelda í Staðarsveit

Smárahlíð 16E


Akureyri

Öryggisnúmer:

2150611



Hér er um að ræða fjögurra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi að Smárahlíð 16E.
Íbúðin er 92 fm að stærð. Hún skiptist í stofu, borðstofu, bað og 3 svefnherbergi. Öll herbergi með hjónarúmi. Í holi er svefnsófi og kojur fyrir börn/unglinga. Sængur og annar búnaður er fyrir 8 manns.




Furulundur 10E og 10M Akureyri


Öryggisnúmer:

10E: 2146390

10M: 2146379



Í félöbýlishúsini að Furulundi 10 er um að ræða tvær íbúðir, 10 E á efri hæð og 10 M á neðri hæð. Báðar íbúðirnar eru 55 fm að stærð. Tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með kojum. Barnarúm, sjónvarp og gasgrill eru í íbúðunum. Búnaður miðast við 4 í hvorri íbúð.



Furulundur 6L Akureyri

Öryggisnúmer:

2146349



Íbúðin er á efri hæð og er 80 fm með tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og eitt lítið með kojum. Auk þess er svefnsófi í stofu. Í íbúðinni er þvottavél, upþvottavél, útvarp, sjónvarp og myndspilari. Gasgrill er á svöldum. Búnaður er miðaður við 5 manns.




Upplýsingamiðstöð ferðamála er að Hafnarstræti 82, Akureyri

Furulundur 11A

Akureyri


Öryggisnúmer:

2146397



Hér er um að ræða glæsilega rúmgóða íbúð í endaraðhúsi. Íbúðin hefur öll verið tekin í gegn og skipt um eldhúsinnréttingu. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu/borðstofu, 3 svefnherbergi, baðherbergi og geymslu. Svefnaðstaða er fyrir 6 manns og miðast búnaður íbúðarinnar við það.

Íbúðinni fylgir barnarúm, sjónvarp, myndspilari, gasgrill, bvottavél, uppþrottavél o.fl. sem nauðsynlegt bykir í orlofsíbúðum af bestu gerð.




Í nágrenninu:

- Askja
- Herðubreiðarlindir
- Hrísey
- Mývatn
- Dimmuborgir
- Námaskarð
- Vaglaskógor
- Síldarsafnið á Siglufirði
- Laufás og Möðruvellir

Illugastaðir í Fnjóskadal Suður-Pingeyjarsýslu

Öryggisnúmer:

2161373



Illugastaðir eru um 50 km austan við Akureyri. Í Fnjóskadal hefur risið tölverð orlofshúsabyggð. Á staðnum er sundlaug með heitum pottum og gufubaði. Einnig er þar verslun með helstu nauðsynjum. Umsjónarmaður er á staðnum.

Húsið er 48,5 fm að stærð og skiptist í stofu með samliggjandi eldhúsi, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Svefnpláss og sängur eru fyrir sex. Sjónvarp, myndspilarí og gasgrill er í húsinu. Á veröndinni er heitur pottur.

Gætið þess að byrja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun.

Í nágrenninu:

- Aldeyarfoss í Skjálfandafljóti
- Vaglaskógr
- Dettifoss og Goðafoss
- Flatey á Skjálfanda
- Herðubreiðarlindir og Askja
- Kröfluvirjkjun
- Háhitasvæðið við Námaskarð
- Útsýnisflug frá Mývatni
- Hljóðaklettar og Ásbyrgi
- Dimmuborgir



Jarðböðin við Mývatn





Öskjuvatn

Upplýsingamiðstöðvar ferðamála eru á tjaldsvæðinu, Mývatni og á Húsavík

Klifabotn í Lónssveit Austur-Skaftafellssýslu

Öryggisnúmer:

2179966



Klifabotn er um það bil þrjátíu km austan við Höfn í Hornafirði, nánar tiltekið í Lónssveit. Á staðnum er gufubað, sameiginlegt með öðrum húsum í orlofsbyggðinni. Sparkvöllur og leiktæki eru einnig á staðnum.

Húsið er 54 fm að stærð og skiptist í stofu, eldhús, baðherbergi og 3 svefnherbergi. Svefnpláss og sängur eru fyrir 6 manns og miðast búnaður við það. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.



Jökulsárlón



Hvalnes og Þvottárskiður

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Höfn í Hornafirði

Í nágrenninu:


- Bátsferðir um Jökulsárlón
- Hestaferðir
- Byggðasafn A-Skaftafellssýslu, Höfn
- Skipulagðar Vatnajökulsferðir
- Ferðir á Lónsöræfi
- Hofskirkja í Öræfum
- Svartifoss í þjóðgarðinum í Skaftafelli
- Þjóðgarðurinn í Skaftafelli
- Friðlandið á Ingólfshöfða
- Útsýnið frá Almannaskarði

Hallskot í Fljótshlíð

Rangárvallasýslu

Öryggisnúmer:

2194322



Húsið stendur í hlíðinni fyrir ofan bæinn Hallskot í Fljótshlíð. Þangað er um tuttugu mínútna akstur frá Hvolsvelli. Húsið er 51 fm. og skiptist í tvö svefnherbergi með hjónarumi og koju í hvoru herbergi. Uppi er 25 fm. svefnloft, þar eru 2 dýnur. Búnaður miðast við 8 manns.

Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Rafmagnshitapottur er á palli með vatni í.

ATH. Ef skipt er um vatn tekur um sólarhring að hita hann upp að nýju. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

Í nágrenninu:

- Bleiksárgljúfur í innanverðri Fljótshlíð
- Breiðabólsstaður í vestanverðri Fljótshlíð
- Þórsmörk (jeppafær)
- Golfvöllurinn, Strönd
- Hekla
- Skógræktarstöðin Tumastaðir
- Snjósleðaferðir á Mýrdalsjökul
- Gluggafoss í Merkjá
- Byggðasafnið að Skógum.
- Stakkholtsgjá á Þórsmerkurleið




Upplýsingamiðstöð ferðamála er að veitingastaðnum Hlíðarendi, Hvolsvelli

Stóra Hof

Gnúpverjahreppi


Öryggisnúmer:

2236156



Húsið er 60 fm að stærð auk 9 fm geymslu, skammt frá Árnesi í Gnúpverjahreppi. Þar er verslun og má sækja þangað ýmsa þjónustu. Glæsileg sundlaug er í Árnesi. Húsið er með svefnstæði og búnað fyrir 8 manns. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu.

Á veröndinni er heitur pottur. Nokkur sumarhús eru á svæðinu og leiktaeki fyrir börn. Gætið þess að byrgja **ávaltt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Umsjónarmaður er Eyþór Brynjólfsson í Árnesi sími 897 1112




Hjálparfoss



Stóra Hof

Í nágrenninu:

- Þjórsárdalur
- Virkjanir s.s. Búrfellsvirkjun og Vatnsfellsvirkjun
- Veiðivötn
- Hekla
- Árnes
- Flúðir
- Laugarvatn
- Hjálparfoss




SKÓGARÁS 1

Húsið er um 60 fm að stærð með 3 svefnherbergjum. Tvíbreitt rúm er í einu herbergi, tvær kojur í öðru og tvíbreið koja og einbreitt rúm í því þriðja. Barnarúm, þvottavél, uppþvottavél, örþylgjuofn, bakaraofn, gasgrill, sjónvarp og myndspilari er í húsinu. Búnaður miðast við 7 manns. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

ATH. gæludýr eru leyfð í þessu húsi.

Bent er á að lausaganga hunda er ekki leyfð á svæðinu. Fólk með ofnæmi fyrir dýrum er ráðlagt að fara ekki í þennan bústað.



Sundlaugin í Úthlíð

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Laugarvatni



Skógarás 1

Úthlíð Bláskógabyggð - Árnessýslu

Öryggisnúmer:

2278705



Kóngsvegur 1

Húsið er við Kóngsveg 1 og er 54 fermetrar að stærð. Rúmstæði eru fyrir 5 í 2 herbergjum og á svefnlofti eru 2 dýnur. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsahöld og borðbúnaður, uppvöttavél, örbylgjuofn og eldavél með bakaraofni. Búnaður miðast við 7 manns. Í stofu er útvarp, sjónvarp og geislaspílari. Þá fylgir húsinu barnarúm og stóll og einnig er gasgrill. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Fjarstýring að öryggishliði er í lyklakassa við aðkeyrsluna að Skógarási 1. Notið sama talnakóða og er að húsinu.



Úthlíð Bláskógabyggð - Árnessýslu

Öryggisnúmer:

2247712



ATH. Aðgengi að Kónsgvegi 3 er frá Skyggnisvegi.

Húsið sem er 62 fermetrar stendur við Kónsgveg 3, en aðkeyrsla er frá Skyggnisvegi. Rúmstæði eru fyrir 7 í 3 herbergjum. Búnaður miðast við 10 manns. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsahöld og borðbúnaður, uppvöttavél, örbylgjuofn og eldavél með bakaraofni. Í stofu er útvarp, sjónvarp og geislaspílari. Þá fylgir húsinu barnarúm og stóll og einnig er gasgrill. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum. Fjarstýring að öryggishliði er í lyklakassa við aðkeyrsluna að Skógarási 1. Notið sama talnakóða og er að húsinu.

Kónsgvegur 3

Húsið sem er 62 fermetrar stendur við Kónsgveg 3, en aðkeyrsla er frá Skyggnisvegi. Rúmstæði eru fyrir 7 í 3 herbergjum. Búnaður miðast við 10 manns. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsahöld og borðbúnaður, uppvöttavél, örbylgjuofn og eldavél með bakaraofni. Í stofu er útvarp, sjónvarp og geislaspílari. Þá fylgir húsinu barnarúm og stóll og einnig er gasgrill. Á veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Enginn umsjónarmaður er á staðnum. Fjarstýring að öryggishliði er í lyklakassa við aðkeyrsluna að Skógarási 1. Notið sama talnakóða og er að húsinu.

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Laugarvatni

Brekkuskógar

Bláskógabyggð - Árnessýslu

Öryggisnúmer:

2251041



Heiðarbraut 8

Húsið er 65 fm. að stærð, skiptist í þrjú svefnherbergi með svefnplássi fyrir 7 manns, stofu með eldhúskrók og baðherbergi á gangi. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu.



Á pallinum er heitur pottur. Gætið þess að byrgja pottinn **ávallt** ef hann er ekki í notkun. Búnaður hússins miðast við 7 manns. Enginn umsjónarmaður er á staðnum. **Notið sama talnakóða að hliðinu og að húsinu.**



Heiðarbraut 8



Gullfoss

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Selfossi

Í nágrenninu:

- Rjómabúið á Baugsstöðum
- Þjórsárdalur
- Gönguferð um þéttbýliskjarnann á Laugarvatni
- Geysisstofa
- Hestaleigur
- Sögusetið á Hvolsvelli
- Veiðileyfi í vötnum og ám
- Kerið
- Sólheimar
- Þrástarkskógar



Heiðarbraut 10

Húsið er 65 fm. að stærð, skiptist í þrjú svefnherbergi með svefnplássi fyrir 7 manns, stofu með eldhúskrók og baðherbergi á gangi. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu.

Á pallinum er heitur pottur. Gætið þess að byrgja pottinn **ávallt** ef hann er ekki í notkun. Búnaður hússins miðast við 7 manns. Enginn umsjónarmaður er á staðnum. **Notið sama talaakóða að hliðinu og að húsinu.**

Í nágrenninu:

- Byggðasafnið að Gröf, Flúðum
- Húsdýragarðurinn Slakki í Laugarási
- Veitingahúsið Lindin, Laugarvatni
- Bátaleigan á Laugarvatni
- Gönguferðir meðfram Fullsælum og Brúará
- Geysir og Gullfoss
- Skálholt og Flúðir
- Þjóðveldisbærinn á Stöng



Heiðarbraut 10



Heiðarbraut 10

Þrastarskógar Grímsneshreppi, Árnessýslu


Öryggisnúmer:

2207925



Selhólsvegur 2

Húsið er 66 fm. að grunnfleti. Húsið skiptist í 3 svefnherbergi, stofu með eldhúsþróki og rúmgott baðherbergi. Svefnpláss er í herbergjunum fyrir 7 manns og miðast búnaður við það. Húsinu fylgir barnarúm, sjónvarp, myndspilari, gasgrill, örbylgjuofn, uppþvottavél o.fl. sem nauðsynlegt þykir í orlofshúsum af bestu gerð.



Á rúmgóðri veröndinni er heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** pottinn ef vatn er í honum og hann ekki í notkun. Hlið er inn á orlofshúsasvæðið og er það læst á veturna. Lyklagleymsla er við hliðið með sama númeri og lyklageymslan við húsið.

Í nágrenninu:

- Sundlaug í Úthlið
- Geysir
- Gullfoss
- Gufubað við Laugarvatn
- Hestaferðir
- Njálsluslóðir
- Jöklafeferðir
- Hekla
- Bátsferðir á Hvítá
- Skálholt
- Húsdýragarður í Laugarási



Selhólsvegur 2



Sogið

Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Selfossi



Réttarhólsbraut 40

Húsið er 64 fm frá árinu 2007. Í húsinu eru 3 svefnherbergi með svefnaðstöðu fyrir 6 manns auk barnarúms. Í stofu er sjónvarp, DVD- og CD spilari og útvarp. Í eldhúsi er örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 6 manns.




Réttarhólsbraut 40



Sundlaugin í Öndverðarnesi

Upplýsingamiðstöð ferðamála er í Hveragerði og á Selfossi



Á veröndinni er gasgrill og heitur pottur. Gætið þess að byrgja **ávallt** heitapottinn ef hann er ekki í notkun. Í næsta nágrenni er sundlaug, leiksvæði og golfvöllur. Enginn umsjónarmaður er á staðnum.

Ef öryggishlið er lokað, hringið þá í síma-númerið sem gefið er upp á leigusamningi.

Í nágrenninu:

- Þingvellir
- Listasafn Árnesinga, Hveragerði
- Fjörurnar við Eyrabakka og Stokkseyri
- Veiðisafnið á Stokkseyri
- Draugasafnið á Stokkseyri
- Þuríðarbúð á Stokkseyri
- Byggðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka
- Sjóminjasafnið á Eyrarbakka
- Kaupfélagssafnið á Hvolsvelli

Öndverðarnes Grímsneshreppi, Árnessýslu

Öryggisnúmer:


HÚS 1: 234-5405

HÚS 3: 234-5407





Grjóthólsbraut 1, 2, 3 og 4

Grjóthólsbraut 1, 2, 3 og 4 eru nýjustu hús FIT. Hvert hús er um 116 fm. og skiptist í 3 svefnherbergi með svefnaðstöðu fyrir 7 manns og opnu rými með eldhúsi og stofu. Allur nýjasti búnaður er í húsunum og grill og heitur pottur úti á upphituðum stórum steyptum palli. Snyrtiaðstaða er einnig á pallinum.



Kannið alltaf hitastig pottsins ádur en börnum er hleypt ofaní og gætið þess að byrgja hann ávallt ef hann er ekki í notkun. Í orlofsbyggðinni er golfvöllur og sundlaug og leiksvæði fyrir börn við hana.
Ef öryggishlið er lokað, hringið þá í símanúmerið sem gefið er upp á leigusamningi.



Í nágrenninu:


- Þingvellir
- Listasafn Árnesinga, Hveragerði
- Fjörurnar við Eyrabakka og Stokkseyri
- Veiðisafnið á Stokkseyri
- Draugasafnið á Stokkseyri
- Þuríðarbúð á Stokkseyri
- Bygðasafn Árnesinga í Húsini á Eyrarbakka
- Sjóminjasafnið á Eyrarbakka
- Kaupfélagssafnið á Hvolsvelli




Hús nr. 29

Þetta er orlofsbyggð með 38 húsum. Húsið er nýlega uppgert. Heitur pottur er á verönd. Þjónustumiðstöð er á staðnum, þar sem aðgangur er að gufubaði og heitum potti. Þar er einnig hægt að fá upplýsingar um nágrennið.

Húsið er 58 fm að stærð og skiptist í stofu, eldhús,



garðskála, baðherbergi og 2 svefnherbergi. Svefnpláss og sængur eru fyrir 5 manns og miðast búnaður hússins við það. Sjónvarp, myndspilari og gasgrill er í húsinu. Gætið þess að byrgja **ávallt** heita pottinn ef hann er ekki í notkun. Umsjónarmaður er á staðnum.




Þingvellir

Upplýsingamiðstöð ferðamála er í Hveragerði og á Selfossi

Í nágrenninu:


- Eyrarbakka- og Stokkseyrarfjörur
- Þuriðarbúð á Stokkseyri
- Ferðir á Langjökul
- Bærinn Stöng og Sögualdarbærinn í Þjórsárdal
- Seglbrettasiglingar og bátaleiga á Laugarvatni
- Sjóminjasafnið á Eyrarbakka
- Rjómabúið á Baugsstöðum, Stokkseyrarhreppi
- Vatnasleðaleiga á Svínnavatni
- Kirkjustaðurinn Skálholt
- Gjárfoss í Rauðá, Þjórsárdal




Heiðarvegur 7

Húsið sem stendur við Heiðarveg 7 er tvílyft og er íbúðin sem er á efri hæð hússins 133 fermetrar. Þar eru 4 svefnherbergi með rúmstæðum fyrir 7 manns og miðast búnaður hússins við það. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsáhöld og borðbúnaður, uppfvottavél,

örbylgjuofn og eldavél með bakaraofni. Í stofu er útvarp, sjónvarp og geislaspilarí. Þá fylgir húsinu barnarúm og stóll, einnig þvottavél, þurrkari og gasgrill.





Hátún 4

Íbúðin er á sjöttu hæð í blokk og er 77 fermetrar. Þar eru 2 svefnherbergi. Í öðru er hjónarúm og í hinu eru tvö 80 sm breið rúm og er búnaður íbúðarinnar miðaður við að 4 geti gist þar. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsáhöld og borðbúnaður, upphvottavél,

örbylgjuofn og eldavél með bakaraofni. Í stofu er útvarp, sjónvarp og geislaspilari. Þá fylgir húsinu barnarúm og stóll og einnig er gasgrill.

ATH. í dagleigu allt árið.



Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 540-0100 eða netfanginu fit@fit.is

Orlofshús á Florida



Orlando

Húsið okkar á Florida er í Orlando í Windsor Hills hverfinu. Heimilisfangið er 2705 Manesty Lane, Kissimmee FL 34747.

Húsið er á tveimur hæðum með 6 svefnherbergjum sem skiptast þannig: 4 herbergi með hjónarúnum og 2 herbergi með tveimur rúnum. Það eru 4 klósett í húsinu. Svo er stofa, eldhús, borðstofa, gangar og bílskúr (sem er með leiktækjum). Í bakgarðinum er lítil sundlaug.

Húsið stendur í lokaðu hverfi (resort) þar sem er klúbbhús með allskonar aðstöðu s.s. stórrí útisundlaug, útileiktækjum og þessháttar og inni er leiktækjasalur og líkamsræktaraðstaða. Aðgangur

að þessari aðstöðu er frír fyrir þá sem eru í húsinu og hvetjum við okkar fólk til að nota þessa aðstöðu. Í því sambandi bendum við á að rafmagn og vatn er mjög dýrt í Orlando og biðjum við fólk að hafa það í huga svo hægt verði að halda húsaleigunni í lágmarki.

Opnað er fyrsta virkan dag í mars kl. 13:00 og þá er opnað fyrir næsta ár á eftir. Dæmi: 1. mars 2022 kl. 13:00 er opnað allt árið 2023.

Húsið er í dagleigu auk þess sem greiða þarf þrifagjald fyrir hverja leigu. Miðað er við að hver leiga fari ekki mikil yfir 2 vikur og er fólk beðið að virða það.



Ferðavagnar

Tjaldvagnar, fellihiðsi og ferðabifreiðir

Félagsmenn geta keypt sér afslátt vegna leigu á ferðavagni á orlofsvef FIT. Hægt er að sækja um ferðavagnaafslátt sem einn af orlofskostum þegar sótt er um rafrænt á orlofshúsasíðu, þegar opnað er fyrir umsóknir á orlofssíðu FIT. Þessi orlofskostur lítur sömu reglum og leiga á orlofshúsum FIT.

Í boði verða 30 ferðavagnaafslættir og kostar 5.000 krónur og 20 orlofspunkta að fá 25.000 króna afslátt á leigu. Hver félagsmaður getur einungis keypt einn afslátt. Þegar búið er að greiða fyrir afslættinn á orlofsvefnum fær félagsmaður sent skjal sem þarf að prenta út og senda ásamt



leigusamning á fit@fit.is og verða þá greiddar 25.000 krónur inn á reikning félagsmanns.

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:

- Leigusamningur þarf að vera á nafni félagsmanns.
- Leigusalí þarf að vera skráður og starfandi ferðavagnaleiga.
- Leigutími á leigusamningi þarf að vera að lágmarki 6 dagar.

Teknir eru 20 orlofspunktar af orlofsreikningi félagsmanns ef keyptur er ferðavagnaafsláttur.



Miðasala



Miðasala

Félag iðn- og tæknigreina bíður uppá ýmsa gisti-, afþreyningar- og ferðamöguleika á orlofsvefnum undir „miðasala“. Öll neðangreind atriði eru háð því að samkomulag náist við söluaðila um viðunandi afslátt til félagsmanna. Hægt verður að lesa um skilmála og verð inni á orlofsvefnum þegar viðkomandi atriði er komið í sölu.

Hótelmiðar

Um er að ræða afsláttarmiða á hótelum. Mjög mikilvægt er að lesa vel skilmála hótelandna.

Ferðaávísanir

Um er að ræða miða með afsláttarkóða sem sleginn er inn við kaup hjá viðkomandi ferðaskrifstofu.

Veiðikortið

Um er að ræða að hver félagsmaður geti keypt 1 veiðikort á afsláttarkjörum hjá FIT.

Útilegukortið

Um er að ræða að hver félagsmaður geti keypt 1 útilegukort á afsláttarkjörum hjá FIT.

Golfkortið

Um er að ræða að hver félagsmaður geti keypt einstaklings- eða fjölskyldukort sem gildir á tiltekna golfvelli.



Orlofshúsareglur

Reglur um opnun á leigu á orlofsvef FIT:

Tímabilið janúar - maí (fram að sumarútleigu og þar með talið páskaleigan) er opnað fyrsta virkan dag í október kl. 13:00.

Tímabil sumarútleigu (það sem ekki leigist í forgangsleigu) er opnað samkvæmt auglýsingu í fréttabréfi og heimasíðu, hverju sinni.

Tímabilið sept. - des. er opnað fyrsta virkan dag í maí kl. 13:00.

Hátún í Reykjavík: Opnað er fyrsta virkan dag í hverjum mánuði kl. 13:00. Þá opnast 7. mánuður frá þeim degi.

Húsið í Orlando: Opnað er fyrsta virkan dag í mars kl. 13:00 og þá er opnað fyrir næsta ár á eftir. Dæmi: 1. mars 2022 kl. 13:00 er opnað allt árið 2023.

Sumarútleiga 2022 (júní-ágúst)

Mánudaginn 14. febrúar er opnað fyrir umsóknir á orlofshúsasíðu FIT þar sem hægt er að sækja um sumarútlutun. **Mánudaginn 28. febrúar** er lokað fyrir umsóknir um sumarútlutun. **Föstudaginn 4. mars** eiga allir að hafa fengið svar við orlofsumsókn sinni. **Mánudaginn 14. mars** lýkur greiðslufresti þeirra sem hafa fengið útlutað. **Miðvikudaginn 16. mars klukkan 13:00** eru ógreiddar og óútlutaðar vikur settar á orlofsvefinn og þá gildir fyrstir kemur fyrstir fær.

Því fleiri valkost sem merkt er við í umsókn á orlofsvefnum, þeim mun meiri líkur eru á útlutun. Ef fleiri en ein umsókn er um sama húsið á sama tímabili ræður punktafjöldi hver hreppir hnossið. Ef punktafjöldi er jafn, ræður sú umsókn sem berst fyrst. Vetrarútlutun skerðir ekki rétt til sumarútlutunar.

Ávinnsla punkta

Ávinnsla punkta Ávinnsla punkta Hver félagsmaður ávinnur sér einn punkt fyrir hvern mánuð sem

greitt er af honum í orlofssjóð félagsins. Sé um hlutastarf að ræða ávinnast punktar í hlutfalli við starfshlutfall.

Frádráttur punkta við úthlutun

- Fyrir páskavikuna eru dregnir frá 26 punktar.
- Frá fyrstu útleiguviku í júnímándi til síðasta föstudags í júní eru dregnir frá 26 punktar.
- Frá síðasta föstudagi júnímánaðar fram í miðjan ágúst eru dregnir frá 36 punktar.
- Frá miðjum ágúst til fyrsta föstudags í september eru dregnir frá 26 punktar.
- **ATH. Punktar eru bakfærðir ef úthlutun er ekki nýtt.**
- Við útlutun á öðrum tímum koma engir punktar til frádráttar.
- Engir punktar eru dregnir frá við leigu á húsinu í Orlando.

Vetrarútleiga

Flest húsa okkar eru til útleigu að vetri til. Þá gildir reglan: „Fyrstur kemur - fyrstur fær“. Mánudagar til föstudaga eru leigðir út í dagsleigu og því hægt að lengja helgar í annan hvorn eða báða enda.

Upphaf og lok leigtíma

Um allar leigur orlofskosta FIT innanlands gildir sú regla að leiga hefst kl. 16:00 á komudag og lýkur kl. 12:00 (á hádegi) á brottfarardag. Um húsið í Orlando gildir að leiga hefst kl. 16:00 á komudag og lýkur kl. 10:00 (að morgni brottfarardags).

Pantað á vefnum

Þegar pantað er á vefnum þarf að velja „Innskráning“ úr valmynd. Innskráningi er með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Þá er valið „Laus tímabil“ úr valmynd. Veljið viðeigandi mánuð og tímabil. Þá þarf að ýta á hnapp neðst á síðunni „Senda“ og síðan „Staðfesta“. Næsta skref er að „Samþykka“ skilmála og síðan þarf að haka við „Samþykkt“ og velja hnappinn „Greiða“. Ganga þarf frá greiðslu með korti í kortagátt innan 10 mínumánuð frá því að pöntun er staðfest. Eftir það fellur pöntunin út. Kvittun og leigusamningur sendist á



uppgefið tölvupóstfang að greiðslu lokinni. Þeir sem ekki hafa kort þurfa að hafa samband við skrifstofu til að ganga frá greiðslu.

Breytingargjald

Fyrir breytingar eða afþöntun á öllum bókunum á orlofsvef er tekið **breytingargjald kr. 3.000.**

Öryggisnúmerin

Ef slys ber að höndum, hafið þá samband við **neyðarlínuna í síma 112** og gefið upp öryggisnúmer hússins. Öryggisnúmer er að finna utan á húsinu.

Umgengni

Umgengni lýsir innra manni og eru allir hvattir til að umgangast orlofshúsin með sóma. Munið að orlofshúsin eru eign félagsins og þar með sameign allra félagsmanna FIT. Ef eitthvað er athugavert við umgengni eða þrifnað húsanna við komu þá látið vita á skrifstofu félagsins í tölvupósti og sendið myndir með.

Leigutaki þarf að sjá um að húsið sé vel þrifið við brottför. Ef frágangi eða annarri umgengni er ábótavant áskilur FIT sér rétt til að innheimta sérstakt gjald af leigutaka fyrir þrif. Þrifagjald er að lágmarki kr. 25.000.

Ef um tjón eða skemmdir á húsbúnaði/eignum FIT er að ræða og kostnaður því samhliða, þá er gerð krafra um greiðslu á þeim skemmdum.

Reikningur fyrir þrifum og/eða skemmdum verður

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 540-0100 eða netfanginu fit@fit.is

sendur félagsmanni og er gjaldfrestur reiknings 15 dagar. Sé reikningur ekki greiddur innan tiltekins frests verður reikningurinn sendur í innheimtu hjá lögfræðingi með tilheyrandi kostnaði fyrir félagsmanninn.

Félagsmenn FIT fá að hámarki fulla inneign í orlofshúsakerfi FIT vegna viðurkenndra kvartana á orlofshúsum/ibúum FIT. Allar kvartanir þurfa að berast skrifstofu FIT svo fljótt sem verða má.

Við brottför

- **Þrífa húsið, grillið og heita pottinn**
- **Athugið hvort allir gluggar séu lokaðir og kræktr**
- **Hurðir vel lokaðar og læstar**
- **Lykillinn kominn í lyklaskáp eða til umsjónarmanns**
- **Skila fjarstýringu að öryggishliði á sinn stað (þar sem við á)**
- **Ekki taka hita af húsinu við brottför**

Nauðsynlegt að taka með

Rúmföt, handklæði, borðklútar, diskabúrrkur og salernispappír.

Reglur um endurgreiðslu fyrir leigu, aðra en húsið í Orlando:

Alltaf er haldið eftir 3.000 kr. breytingargjaldi hvort sem um er að ræða vetrar- eða sumarleigu. **Ef ekki næst að endurleigja er ekkert endurgreitt.** Endurleigist húsið er endurgreitt hlutfallslega eftir því hve mikil endurleigist, þó er alltaf haldið

Orlofshúsareglur

eftir breytingargjaldi en mismunurinn settur sem inneign viðkomandi á orlofsvef FIT.

Reglur um endurgreiðslu ef hætt er við leigu á húsinu í Orlando

- Sé afbókað áður en 8 mánuðir eru í leigu er haldið eftir breytingargjaldi.
- Sé afbókað síðar en meira en 6 mánuðir eru í leigu skal halda eftir 25% af leigu.
- Sé afbókað síðar en meira en 4 mánuðir eru í leigu skal halda eftir 50% af leigu.
- Sé minna en 4 mánuðir í leigu er ekkert endurgreitt.
- Endurleigist húsið allt afbókunartímabilið er endurgreitt allt nema breytingargjald.
- Endurleigist húsið hluta af afbókunartímabilinu er breytingargjald dregið af og endurgreitt hlutfallslega.

Veður og færð.

Hamli veður eða færð, þannig að leigjandi komist ekki í orlofsbústað þarf, áður en leiga hefst, að tilkynna um slíkt til félagsins með tölvupósti (fit@fit.is). Það er forsenda til endurgreiðslu á leigu. Við slíkar aðstæður er um fulla endurgreiðslu að ræða.

Minnt er á að endurgreiðsla er alltaf í formi inneignar á orlofsvef FIT. Almennt er ekki um snjómokstur að ræða að bústöðum FIT. Leigutakar eru hvattir til að kynna sér veðurspá og færð á vegum áður en lagt er af stað. Ferðalög til og frá orlofsbústöðunum eru alfarið á ábyrgð leigjenda. FIT greiðir ekki kostnað sem leigutaki kann að verða fyrir vegna veðurs eða ófærðar, svo sem eldsneyti, mat eða gistingu.

Áminning

Leigutaka ber að hafa leigusamning til staðar á meðan á dvöl stendur. Leigutaki ber ábyrgð á umgengni við orlofshús, orlofssvæði og aðrar eigur FIT eftir almennum reglum skaðabótarettar og leiguréttar. P.e. að almennt skulu greiddar skaðabætur sem nema þeim útgjöldum sem tjón bakar Orlofssjóði ef tjóni er valdið af ásetningi eða gáleysi af félagsmanni eða gesti hans.

Heimild er fyrir því að áminna félagsmann vegna umgengni og/eða skemmda á eign/eigum Orlofssjóðs. Félagsmanni gefst þó tækifæri á að skýra mál sitt áður en endanleg áminning verður ákvæðin, allt að tvö ár. Ef kröfum vegna brota er ekki sinnt eða ef brot félagsmanns er ítrekað þá missir viðkomandi rétt til innskráningar á orlofsvefinn næstu fimm ár.



Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 540-0100 eða netfanginu fit@fit.is

Eitt og annað

• • • • •

Staður	Fm.	Svefn-pláss	Heitur pottur	Gufu-bað	Um-sjón	Ára-bátur	Gas-grill	Veiði-leyfi	Þvotta-vél	Upp-þvotta-vél
Skorradalur 40	51	6	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já
Skorradalur 17	48	6	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já
Skorradalur 17a	48	6	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já
Húsafell/Kiðárþ.1	58	6	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Húsafell/Birkil. 2	51	4-5	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Húsafell/Birkil. 3	51	4-5	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Húsafell/Hvítárb.	77	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Svignaskarð 21	65	6	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Svignaskarð 27	77	7	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Vogur á Mýrum	143	8	Já	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já
Stykkishólmur	77	6	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já
Akureyri/Smárah.	92	8	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já
Akureyri/Fur.10E	50	4	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Akureyri/Fur.10M	50	4	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Akureyri/Fur.6L	80	4-5	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já
Akureyri/Fur.11A	106	6	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já
Illugastaðir	48	6	Já	Já	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei
Klifabotn	54	6	Nei	Já	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Nei
Hallskot	51	8	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Stóra Hof	60	8	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Úthlíð/Skógarás	60	6	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já
Úthlíð/Kóngsv. 1	54	5	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Úthlíð/Kóngsv. 3	62	6	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Brekkuskógor 10	54	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Brekkuskógor 8	65	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Þrastarskógor	66	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Öndv. Réttarhólsbr.	65	5	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Öndv. Grjóthólsbr. 1	116	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já
Öndv. Grjóthólsbr. 2	116	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já
Öndv. Grjóthólsbr. 3	116	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já
Öndv. Grjóthólsbr. 4	116	7	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já
Ölfusborgir	58	5	Já	Já	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Já
Vestmannaeyjar	133	7	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já
Reykjavík	77	4	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Já

Útgefandi: Félag íðn- og tæknigreina
 Ritstjóri og ábyrgðarmáður: Hilmar Harðarson
 Umsjón með prentverki: Penta ehf.
 Filmuvinnsla og prentun: Staffræna Prentsmiðjan
 © af kortum: Penta ehf.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 540-0100 eða netfanginu fit@fit.is



Skelltu þér í orlofshús - bókaðu beint á netinu

Á orlofshúsasíðu FIT eru félagsmenn leiddir í gegnum bókunarferlið.

Hægt er að fylla út umsókn um sumarleigu eftir að opnað hefur verið á það í febrúar.

Hægt er að greiða fyrir sumarleigu og prenta út samning eftir að úthlutun er lokið.

Félagsmenn geta bókað, greitt og prentað út samning fyrir vetrarleigu í rauntíma.

Allar nánari upplýsingar í Húsi Fagfélaganna Stórhöfða 31. Sími 540-0100.

www.fit.is